

Ár 2025, mánudaginn 3. nóvember kl. 10:00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinar Þór Guðgeirsson.

Fyrir er tekið:

mál nr. 7/2025

Knattspyrnufélagið Víðir

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 8. október 2025, þar sem áfrýjanda var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 200.000,- til KSÍ með vísan til d-liðar gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 9. október sl. þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að málið verði tekið til endurskoðunar og sektin verði felld niður eða lækkuð, ásamt því að KSÍ setji fram leiðbeiningar um viðbrögð félaga við atvikum sem þessum.

II

Með hinum kærða úrskurði var áfrýjanda gert að greiða kr. 200.000,- með vísan til d-liðar gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Það var mat aga- og úrskurðarnefndar að framkoma áhorfenda eins og henni er lýst í skýrslu eftirlitsmanns og skýrslu dómara hafi verið vítaverð. Nefndin vísaði til þess að fyrir í sumar hafi komið upp mál sem var lokið með bréfi til áfrýjanda þar sem brýnt var fyrir félaginu að leita leiða til að koma í veg fyrir atvik sem þessi. Með vísan til þessa ákvað nefndin að beita sekt að þessu sinni líkt og heimild stendur til samkvæmt d-lið gr. 13.9 og er lágmarks upphæð sektar er kr. 200.000,-.

III

Í áfrýjun er gerð sú krafa að úrskurður um sekt á hendur áfrýjanda verði endurskoðuð og sektin felld niður eða lækkuð. Á því er byggt að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til aðstæðna í málinu og þess að um hafi verið að ræða ólögráða einstakling með greiningar. Áfrýjandi kallar eftir skýru verklagi og leiðbeiningum frá KSÍ um hvernig eigi að bregðast við í atvikum sem þessum. Áfrýjandi bendir á að félagið sé rekið af sjálfboðaliðum og að á umræddum leik hafi verið fjórir einstaklingar í gæslu sem hafi þurft að glíma við annað atvik á sama tíma vegna áhorfanda gestaliðs.

Áfrýjandi kveðst hafa tekið á málum innanhúss og með öllum sem málið varðar og veltir upp þeirri spurningu hvernig hafi átt að bregðast öðruvísi við.

IV

Dómurinn hefur yfirfarið öll gögn málsins.

Í lögum KSÍ er kveðið á um að sérhvert aðildarfélag beri ábyrgð framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögnum og reglugerðum KSÍ, sbr. gr. 5.10. Þá er kveðið á um í 44. gr. laganna að fésektir séu meðal þeirra viðurlaga sem unnt er að beita gegn félögum vegna brota á lögum og reglugerðum KSÍ.

Samkvæmt d-lið gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál er heimilt að sekta aðildarfélag m.a. ef áhorfandi gerist sekur um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum. Með vísan til hins kærða úrskurðar og fyrirbyggjandi gagna telur dómurinn að áhorfandi áfrýjanda hafi gerst sekur um vítaverða framkomu í garð dómara. Ekki er gerður sérstakur greinarmunur á lögráða og ólögráða einstaklingum samkvæmt framangreindu ákvæði.

Líkt og að framan greinir ber sérhvert aðildarfélag ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna. Þessu til viðbótar ber heimafélag ábyrgð á öryggi leikmanna, dómara og eftirlitsmanns, sbr. handbók leikja. Tilmæli og leiðbeiningar um hvernig gæslu skal háttað í leikjum má finna á bls. 15 í handbók leikja. Þar er lögð áhersla á að dómarar leiksins fái fylgd að og frá leikvelli þannig að áhorfendur eða forráðamenn félaga eigi ekki óhindraðan aðgang að þeim. Að mati dómsins er mikilvægt að gætt sé sérstaklega að öryggi dómara í kringum leiki. Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslum dómara og eftirlitsmanns fengu dómarar leiksins ekki fylgd alla leið inn í klefa og þurfti eftirlitsmaður að skerast í leikinn vegna háttsemi stuðningsmanns áfrýjanda. Þess er jafnframt getið í skýrslu eftirlitsmanns að ekki hafi verið mörkuð skýr leið fyrir leikmenn og dómara til að ganga af velli þannig að greið leið hafi verið fyrir áhorfendur að gönguleið leikmanna og dómara. Þá lítur dómurinn enn fremur til þess að umræddur stuðningsmaður virðist hafa komist aftur að dómurum leiksins, eftir að honum hafði verið vísað frá svæðinu, þegar hann gat gengið óhindraður inn í húsnaði félagsins þar sem hann hélt framkomu sinni í garð dómara áfram.

Með vísan til alls framangreinds og hins áfrýjaða úrskurðar að öðru leyti er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

Dómsorð:

Staðfest er sekt áfrýjanda að fjárhæð kr. 200.000,- til KSÍ.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]